

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Árleg úttekt á jafnlaunakerfi Mosfellsbæjar

**Dags:** 14. apríl 2023

**Málsnúmer:** 202210007

**Starfsmaður:** Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri.

Mosfellsbær hlaut fyrst jafnlaunavottun í maí 2018. Jafnlaunakerfi Mosfellsbæjar fer í gegnum árlega úttekt löggilds vottunaraðila og fór síðasta úttekt fram þann 13. mars 2023.

BSI á Íslandi tók jafnlaunakerfi Mosfellsbæjar árleg út á árum 2018-2021. Árið 2022 tók jafnlaunakerfi Mosfellsbæjar miklum breytingum og var jafnframt tekin ákvörðun um að skipta um Vottunaraðila og hefur ICERT hefur tekið út jafnlaunakerfi bæjarins síðustu tvö árin. Úttektarmarkmið vottunaraðila eru að fara yfir jafnlaunakerfið í heild sinni, m.a. meta breytingar á kerfinu milli ára, virkni þess, umbætur, rýna launagreiningu og úrvinnslu frávika og öðrum athugasemdum vottunaraðila.

Niðurstöður vottunaraðila frá því nýtt kerfi var innleitt eru eftirfarandi:

- Starfsmatskerfinu var breytt að mjög miklu leyti árið 2022 sem og starfaflokkun.
- Að mati úttektarstjóra skín í gegn mikill vilji og metnaður æðstu stjórnenda til þess að bæta stöðugt jafnlaunakerfi sveitarfélagsins.
- Þær breytingar, sem ráðist hefur verið í sýna það glögglega.
- Útfærsla jafnlaunakerfisins, skjalfesting og utanumhald, sem úttektaraðili fór yfir í viðhaldsúttektinni, þess er til fyrirmyndar.
- Að mati úttektarstjóra eru breytingarnar til góðs og endurspeglar niðurstöður launagreiningarinnar það.

Niðurstaða úttektaraðila er að engin óleyst vandamál, frávik eða athugasemdir eru til staðar frá síðustu úttekt. Launagreining náði til 874 starfamanna og var viðmiðunarmánuður mars 2023. Launamunur árið 2023 mælist **1,11%** körlum í vil.

Niðurstaða úttektaraðila er að jafnlaunakerfi MOS uppfyllir áfram kröfur staðalsins ÍST 85:2012 og mælir úttektaraðili með óbreyttri stöðu vottunar á jafnlaunakerfisins.

Mannauðsstjóri mun fara yfir og kynna helstu niðurstöður úttektarinnar í bæjarráði.

Næsta úttekt jafnlaunakerfisins er áformuð 12. mars 2024 en þá verður veitt vottun til næstu þriggja ára.

*Virðingarfyllt,  
Hanna Guðlaugsdóttir  
Mannauðsstjóri*